Siðmennt

Félag siðrænna
húmanista á Íslandi

Hallveigarstöðum
Túngötu 14
101 Reykjavík
sidmennt@sidmennt.is
sidmennt.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2017

Efni: Umsögn Siðmenntar um frumvarp um breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998, 146. löggjafarþing 2016 - 2017. Þingskjal nr. 356. - 258. mál.

Álit Siðmenntar:
Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að samþykkja frumvarpið.

RÖKSTUÐNINGUR:
Í greinargerð frumvarpsins tiltaka flutningsmenn að á Norðurlöndunum sé kosningaréttur erlendra ríkisborgara töluvert rýmri en hér á landi. Fólk sem hér býr og greiðir sína skatta og skyldur til samfélagsins ætti því að hafa meiri áhrif en nú eru. Undir þetta er tekið sem rök fyrir breytingunni.

Norðurlöndin hafa í nokkurn tíma heimilað íbúum Norðurlanda og ESB-ríkja þátttöku í sveitarstjórnarkosningum um leið og búseta hefst auk þess að aðrir íbúar fá að kjósa eftir þriggja ára búsetu í landinu. Svíþjóð heimilaði kosningaþátttöku innflytjenda þegar árið 1976.

Tekið er undir með flutningsmönnum að erlendir ríkisborgarar greiða *„...hér skatta og leggja mikið til uppbyggingar samfélagsins,"* og ættu því að hafa möguleika á því að nýta sinn lýðræðislega rétt til að hafa áhrif með þátttöku í kosningum.

Noregur



Statistisk sentralbyrå/Norge
https://www.ssb.no/valg/statistikker/vundkinnv

Á þessari mynd má sjá kosningaþátttöku eftir uppruna við sveitarstjórnarkosningar í Noregi árið 2011 og er hún afar mismunandi. Kosningaþátttaka innflytjenda og innflytjenda með ríkisborgararétt er 43%. Merkilegt er t.d. að sjá að þrátt fyrir mikla lýðræðishefð og kosningaþátttöku hér á landi eru það aðeins um 35% Íslendinga sem nýta kosningarétt sinn.

Um 47% þeirra með afrískan uppruna tóku þátt í kosningunum en þátttaka fólks með evrópskan uppruna var 42%

Mest þátttaka er meðal fólks með uppruna frá Sri Lanka og nýttu 57% þeirra kosningarétt sinn en næst kemur fólk frá Pakistan og Sómalíu.

Minnst er kosningaþátttakan hjá fólki frá Balkanlöndum en frá Kosovo kusu aðeins 18% og 23% þeirra frá Makedóníu.

Svíþjóð
Ef skoðaðar eru tölur um kosningaþátttöku innflytjenda í sveitarstjórnum árið 2012 í Svíþjóð má sjá að það eru aðeins 19.6% sem kjósa. Af Finnum kusu 59.9%.

Kosningaþátttaka er þó töluvert meiri meðal afkomenda innflytjenda sem fæddir eru í Svíþjóð og kusu 45% þeirra árið 2012. Þátttaka þeirra sem fæddir eru í Sómalíu var 40% á meðan hún var aðeins 14% meðal þeirra sem fæddust í Eistlandi og 19% fæddra í Rússlandi.

http://www.pressreader.com/finland/hufvudstadsbladet/20170328/281629600103730

Hér má síðan sjá kosningaþátttöku í þingkosningum árið 2014. Þær sýna allt aðra mynd. Þátttaka þeirra sem fæddir eru á Norðurlöndum annarra en Svía var 79.9% og Afríkubúa er 71.4%.



https://www.migrationsinfo.se/demokrati/valdeltagande/

Þessi yfirferð er aðeins til að gefa mynd af lýðræðisþátttöku í þessum tveimur löndum. Samanburður við Norðurlöndin hefur verið góður mælikvarði við ákvarðanatöku hér á landi.

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F. h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri